

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Allsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóv. 2004

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um atvinnuvegaráðuneyti, 15. mál.**

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) hafa yfirfarið þessa tillögu til þingsályktunar og vilja hér með koma umsögn sinni um það til Allsherjarnefndar Alþingis.

Reifun máls

Tillagan felur ríkisstjórn að undirbúa lagabreytingar í því skyni að setja á stofn nýtt, öflugt atvinnuvegaráðuneyti í stað landbúnaðar-, sjávarútvegs-, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta. Við stofnun hins nýja ráðuneytis verði yfirfarin og skilgreind nákvæmlega öll verkefni og stofnanir með það fyrir augum að sameina stofnanir og styrkja þær. Stefnt verði að því að draga úr kostnaði og gera rekstur hins nýja ráðuneytis eins hagkvæman og skilvirkan og kostur er. Þessu verði lokið fyrir árslok 2006.

Í greinargerð kemur fram að þetta er hugsað sem fyrsta skrefið í nútímavæðingu Stjórnarráðsins og því eigi samhliða að fela Ríkisendurskoðun að gera stjórnsýsluúttekt á öðrum ráðuneytum og stofnunum þeirra með sömu markmið í huga og gilda við stofnun nýs atvinnuvegaráðuneytis.


Lokaorð

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa bæði á fundum og á opinverum vettvangi látið koma fram að þjónustugreinarnar séu utangátta í því skipulagi framkvæmdavaldsins sem birtist í núverandi atvinnuvegaráðuneytum. Þetta hefur einnig berlega komið fram í stofnunum ráðuneyta og er skemmst að minnast þess að verslun og þjónusta, sem er ein fjölmennasta atvinnugrein á hinum frjálsa markaði á ekki fulltrúa í stjórn Tækniþróunarsjóðs sem nýlega var stofnaður þrátt fyrir að innan landssamtaka þessara greina, SVÞ, séu mörg stærstu og áhrifaríkustu fyrirtæki landsins að því er varðar tækniþróun. Þarna réðu úrelt viðmið og núverandi skipulag atvinnugreinaráðuneyta eflaust mestu.

Samtökin telja mikilvægt að endurskoðun ráðuneyta og stofnanna þeirra verði heildstæð og lýsa sig þannig meðmælt þessari tillögu til þingsályktunar. Í þessu sambandi er ástæða til að undirstrika að sem víðtækast samráð sé haft við hagsmunaaðila áður en málið kemur til afgreiðslu þingnefnda þannig að öll sjónarmið sem skipta máli komi fram.

SVÞ telja mikilvægt að meta ávinning af svona breytingu sem best og huga jafnframt að því að ekki glatist við breytingu sem þessa neitt sem er jákvætt t.d. í rekstri stofnana nú.

Virðingarfyllst,

  
Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri